

# Plastlaus september

Ársskýrsla 2020

## 30 leiðir til að minnka plastið

#plastlaus

Afbökkum einnota plasthluti

Notum margnota flösku fyrir vatn



Kaupu mat í pappumbúðum frekar en plastumbúðum

Veljum grænmeti og ávexti í lausu



Sleppum öllu frauðplasti þennan mánuð

Munum eftir fjölnota burðarpoka



Prófum sjampóstykki eða áfyllingu á sjampói



Prófum að kaupa í eigið ílát í fiskbúðinni



Prófum bývaðúk í stað plastfilmu

Veljum plastlausu rakvél



Skolum og endurnýtum poka sem til falla

Göngum, hjólum eða tökum strætó



Fáum kaffið í eigin ferðabolla



Veljum telaar og kaffibaunir í lausu

Veljum hreinsiefni í áfyllingu eða gerum okkar eigið



Fáum brauð í bakaríinu í eigin brauðpoka

Prófum tannkremstöflur



Setjum allt plast í endurvinnslu (nema lífplast)

Búum til okkar eigið sóðavatn

Notum nestisbox og fjölnota samlokupoka



Veljum notað þegar hægt er

Prófum bambus-tannbursta



Munum eftir fjölnota poka fyrir nammibarinn

Tökum með eigið ílát fyrir skyndibita



Veljum tannþráð úr silki



Veljum tuskur úr náttúrulegum efnum

Veljum plastlausan svitalyktareyði



Veljum plastlausu eyrnarpinna



Deildu með öðrum hvað þú gerir til að minnka plastið

Veljum plastlausan uppþvottabursta



plastlaus.is

PLASTLAUS  
SEPTEMBER

Breytum til hins betra

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Stjórn og framkvæmdarhópur 2020 .....	4
Stjórn.....	4
Framkvæmdarhópur Reykjavík .....	4
Framkvæmdarhópur Akureyri: .....	4
Starfið.....	5
Heimasíðunefnd.....	6
Málþingsnefnd .....	6
Samfélagsmiðlanefnd.....	7
Facebook.....	8
Leikur.....	8
Instagram .....	9
TikTok.....	10
SnapChat .....	10
Markaðsnefnd.....	10
Opnunarhátíðarnefnd .....	10
Fræðslunefnd .....	12
Viðburðir í Reykjanesbæ .....	12
Viðburðir á Akureyri.....	13
Birtingar og umfjallanir .....	14
Fyrirtæki og stofnanir:.....	14
Fréttaumfjöllun .....	14
Dæmi um merkingar á samfélagsmiðlum .....	17
Lokaorð .....	17
Fjárhagsyfirlit .....	18

## Inngangur

Farið var aftur af stað með árveknisátakið Plastlaus september árið 2020, enda hefur skapast hefð í þjóðfélaginu fyrir þessu átaki. Kosið var í stjórn þann 4. febrúar 2020 og byrjuðu reglulegir fundir frá og með 18. febrúar 2020 til að skipuleggja Plastlausan september.

Ákveðið var að leggja áherslu á öfluga samfélagsmiðla með myndrænu og auðskiljanlegu efni, bæta heimasíðuna, halda málþing eins og á fyrsta árinu með góðum árangri, halda opunarhátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur líkt og undanfarin tvö ár og fara í skóla með fræðslu. Áfram er fjallað um plastleysi á jákvæðum nótum og málefnið nálgast á hvetjandi og styðjandi hátt. Benda á lausnir frekar en vandamálin, staðreyndir og tölur. Langar hópinn einnig að fá fleiri karlmenn inn í samtalið, en svo virðist vera sem konur séu stór meirihluti þeirra sem drífa plastlausar lausnir áfram hvort sem er á heimili eða atvinnulífi.

Plastlaus september er árverkniátak, ætlað að vekja athygli á hvernig fólk getur breytt neysluvenjum sínum á einfaldan hátt, hjálpa fólki að taka fyrstu skrefin og jafnvel líka stærri skref seinna í ferlinu. Byrjendurnir mega samt aldrei gleymast, þar er fólk sem er að uppgötva plastlausan lífstíl í fyrsta sinn. Þrátt fyrir nafnið er áherslan fyrst og fremst á ofneyslu plasts, einnota plast og plast í hversdagsvörum.

Það er greinilegt að átakið hefur haft mikil áhrif á alla umræðu í landinu, hvort sem er á meðal almennings, Alþingis eða vísindafólks. Tölur frá endurvinnsluaðilum sýna fram á að endurvinnsla plasts eykst frá ári til árs, verslanir, veitingahús og aðrir þjónustuaðilar bjóða í auknum mæli upp á plastlausar og plastminni lausnir, og æ oftast þarf að biðja um plasthluti hjá þjónustuaðilum t.d. plaströr, plastlok á einnota ferðamál og plast hnífapör. Plastlausum september finnst þetta vera jákvæð þróun og gerir fólk meðvitað um neyslu sína. Ekki má gleyma að sérvöruverslanir með áherslu á plastlausan varning spretta upp um allt land og greinilegt að markaðurinn fyrir þessar vörur fer vaxandi.

Þegar leið á árið var ákveðið að ráða fólk til nokkurra verkefna eins og aðstoða með tæknimál á heimasíðu og að kaupa teikni- og grafíska vinnu til að geta miðlað upplýsingum á myndrænan hátt.



## Stjórn og framkvæmdarhópur 2020

### Stjórn

**Formaður:** Heiður Magný Herbertsdóttir mannfræðingur og MS í stjórnun og stefnumótun.

**Gjaldkeri:** Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir, kennari

**Meðstjórnendur:** Ásdís Ólafsdóttir, líffræðingur, Hildur Hreinsdóttir, sjálfbærnifræðingur og Guðný Kristín Bjarnadóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur.

### Framkvæmdarhópur Reykjavík

Auður Bjarnadóttir, markaðs- og samfélagsmiðla sérfræðingur

Ásdís Ólafsdóttir, líffræðingur

Elín Þórhallsdóttir, fyrirtækjaeigandi

Eyrún Pétursdóttir, umhverfisverkfræðingur og fyrirtækjaeigandi

Guðný Kristín Bjarnadóttir, bókasafns- & upplýsingafræðingur

Heiður Magný Herbertsdóttir, mannfræðingur og MS í stjórnun og stefnumótun

Helga Hauksdóttir, lögfræðingur

Hildur Hreinsdóttir, sjálfbærnifræðingur

Jonas Moody, höfundur og þýðandi

Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir, kennari

Natalie Ouellette, markaðs- og almannatengsla sérfræðingur

Salbjörg Rita Jónsdóttir, hönnuður og ljósmyndari

Þórdís V. Þórhallsdóttir, kennari og viðskiptafræðingur

### Framkvæmdarhópur Akureyri:


Berglind Mari Valdemarsdóttir, menningarmiðlari

Elín Ósk Arnarsdóttir, jógakennari

Serena Pedrana veitingakona

Sævar Þór Halldórsson, náttúruvandfræðingur

Yvonne Höller háskólakennari



## Starfið

Sú nýbreytni varð að hver og einn meðlimur í Reykjavík valdi sér nefnd til að starfa í, að auki var hver meðlimur í stjórn ábyrgur fyrir samskiptum við ákveðnar nefndir. Framkvæmdahópurinn var það fjölmennur að talið var að meira yrði úr verki ef skipt væri niður í minni einingar og fá svo stuðning frá hinum eftir því sem við ætti. Helstu verkefni nefndanna var að láta verða af þeim breytingum sem staðið hafa til í lengri tíma eins og að uppfæra heimasíðu og láta útbúa myndrænt efni.

Nefndirnar eru: málþingsnefnd, heimasíðunefnd, samfélagsmiðlanefnd, markaðsnefnd, opunarhátíðarnefnd og fræðslunefnd.

Ein af grunnforsendum skipulagningarinnar í ár var að ákveðið að leggja mikla áherslu á samfélagsmiðla- og heimasíðu í takt við það sem hefur gefið góða raun undanfarin ár. Einnig átti það sérlega vel við í heimsfaraldri. Ákveðið var að fara í samstarf við Sigrúnu Hreins sem er animator og hún beðin um að útbúa fræðandi myndefni með hliðsjón af efni sem "Plastic free July" hefur gefið út þar sem áherslan er á plastlausar lausnir, þ.e. hvaða plastlausar lausn er til í staðinn fyrir hefðbundnar lausnir.

Myndirnar endurspegluðu þemun tvö sem ákveðið var að leggja áherslu á *eldhús* og *bað*. Einnig voru útbúin myndbönd þessu tengt auk tveggja annarra myndband: annað var til að fagna byrjun átaksmánaðarins og hitt til að kynna hugmyndina með Plastlausum september.

Einnig var farið yfir efni heimasíðunnar og mikið af því uppfært. Myndefnið frá Sigrúnu Hreins var hugsað til að fá athygli á samfélagsmiðlum og einnig til að lífga upp á heimasíðuna og gera hana myndrænni og þannig aðgengilegri. Fræðslustarfið fékk einnig að njóta góðs af þessu efni, þar sem Sigrún Hreins gerði 30 daga hugmyndaspjaldið myndrænt sem og að myndir voru notaðar í fræðsluefni.



## Heimasíðunefnd

Heimasíðunefnd hittist nokkrum sinnum og lagaði tengingar, innsláttarvillur og annað slíkt. Úr varð að láta þýða síðuna yfir á ensku og aðili í framkvæmdarhópnum fenginn til þess, sem hefur ensku að móðurmáli. Fór enska útgáfan í birtingu í fyrstu viku september. Þegar covid19 setti strik í reikninginn var ákveðið að nota hlut af styrk frá Reykjanesbæ til að fá síðuna þýdda yfir á pólsku, enda um 25% íbúa Reykjanesbæjar pólskumælandi. Pólska þýðingin fór í birtingu í lok október. Við teljum mikilvægt að sem flestir íbúar landsins geti fræðst um leiðir til að minnka plast og erum því sérlega stolt af þessu framfaraskrefi.

## Málþingsnefnd

Ákveðið var að endurtaka málþing, sem einnig var fyrsta árið.

Tekinn var á leigu fundarsalur í Húsi Vigdísar Finnbogadóttur og haft samband við aðila sem gátu haldið örerindi um plastnotkun í matvælaíðnaðinum á Íslandi. Yfirskrift málþingsins var „Frá upphafi til enda. Plastnotkun í íslenskri matvælaframleiðslu“. Málþingið var haldið miðvikudaginn 30. september kl. 17-18:30. Hugsunin var að fylgja eftir framleiðsluferli íslenskrar vöru frá framleiðenda, til neytenda og loks í sorphirðu.

Vegna Covid19 og samkomutakmörkun sem var 50 manns, grímuskyldu og 2 metra reglu, var ákveðið að senda málþingið út á netinu. Var það sent út á Youtube og tenging frá Vísi.is. Mælt er með að ef þetta verður haldið að ári, að ráðinn verði tæknimaður, þar sem mikill tími fór í samskipti við Háskóla Íslands um hlutverkaskipti og útsendingar.

Fundarstjóri var Gréta María Grétarsdóttir stjórnarformaður Matvælasjóðs.

Örfyrirlestrar voru í höndum:

- Sunna Gunnars Marteinsdóttir, samskiptastjóri MS
- Kristín Linda Sveinsdóttir, markaðsstjóri Sölufélags garðyrkjumanna
- Þóra Þórisdóttir, framkvæmdarstjóri Matarbúðarinnar Nándin
- Þóra Margrét Þorgeirsdóttir, fulltrúi neytenda, minnasorp.com
- Gyða S. Björnsdóttir, sérfræðingur í sjálfbærni hjá Sorpu.

Fáir mættu í sal, eins og búist var við, eða um 10 manns fyrir utan þau sem töluðu. Áhorf á málþingið var um 50 manns og eftir að upptakan var sett inn hafa 60 áhorf til viðbótar bæst við.

Málþingið þótti vel heppnað og áhugavert og ætti málþing að vera fastur liður hjá Plastlausum september til þess að halda uppi umræðum um bæði hvað vel er gert og hvað hægt er að gera til að draga úr plastnotkun Íslendinga. Það sem helst hefði mátt betur fara er að pallborðsumræðurnar voru nær hljóðlausar þar sem of fáir hljóðnemar voru og þau sem voru að horfa í streymi áttu erfitt með að fylgjast með.


## Samfélagsmiðlanefnd

Samtökin urðu þeirrar lukku aðnjótandi að nokkur af þeim sem slógust ný í hópinn á þessu starfsári hafa eða hafa haft það að atvinnu að sinna samfélagsmiðlum fyrir fyrirtæki og hjá auglýsingastofum. Við nutum því góðs af þeirra sérfræðikunnáttu og varð til birtingaplan í samstarfi við markaðsnefnd. Einnig var miðlunum breytt þannig að auðveldara sé að lesa úr tölum, fá upp gröf, hvaða færslur eru að virka og hvað ekki. Fræðsluefnið sem að útbúið var í samstarfi við Sigrúnu Hreins var uppistaðan í því efni sem miðlað var í ár. Einnig prófuðum við okkur áfram með „swipe-pósta“ en þá er rituðum upplýsingum miðlað í knöppum texta og lesandi flettir til þess að lesa frekari upplýsingar.

Eftir á að hyggja notuðum við þessar teikningar kannski í of háu hlutfalli á móti færslum af venjulegu fólki, sem virkar líka mjög vel á fólk. Blanda hefði mátt þessu betur og höfum við það í huga fyrir næsta ár.

Story á Instagram og Facebook eru nú tengt birtist því sama efnið þar. Ákveðið var að fara í samstarf við nokkra aðila, sem myndu senda myndbönd á okkur, sem við síðan endurbirtum. Var þetta gert til að vera ekki að deila út lykilorði Plastlaus september og þar að leiðandi aðgangi að skilaboðum sem fólk er að senda okkur, einnig gæti einstaklingur með lykilorð eytt öllum færslum, breytt lykilorði og tekið afrit af skilaboðum, en þar þarf að ríkja trúnaður.

Þá var ákveðið að vera með færri story, ekki oftár en annan hvorn dag, svo hver saga fái að njóta sín. Við beindum því til fólks að hafa meiri texta og minna tal og ekkert of mörg innslög. Því miður gafst þetta fyrirkomulag ekki nógu vel, mikill tími og orka fór í að fá efni, minna á og yfirfara. Finna þarf betri leið að ári.



## Facebook

Facebook síðu Plastlauss september er haldið virkri allt árið um kring og reynt að miða við um eina færslu á viku, fleiri ef eitthvað sérstakt er að gerast í þjóðfélaginu og því deilt áfram. Einnig hefur skapast hefð fyrir að vera nokkuð virk í desember, enda mikil neyslumánuður og góður tími til að minna á hvernig er hægt að gera jóla og aðventu með minna af plasti.

Í september voru færslurnar um það bil daglega. Ákveðið var að hafa þannig að hver vika hefði sitt þema. Vika 1 og 3 var eldhús og vika 2 og 4 var baðherbergi. Þannig nýttum við einnig teikningarnar eftir Sigrúnu Hreins. Einnig eru þetta tveir algengustu staðirnir fyrir fólk til að byrja á þegar það fer að hugsa í plastlausum lausnum, bæði fyrir byrjendur og svo lengra komna.

Gaman er að segja frá því að nokkuð af myndefninu og þá sérstaklega „30 leiðir til að minnka plastið“ fékk mjög góða dreifingu á Facebook og greinilegt að fylgjendur kunna að meta myndræna og aðgengilega framsetningu á efninu.

## Leikur

Ákveðið var að hafa leik í hverri viku og greiddi Plastlaus september fyrir vinningana. Þeir voru misveglegir eins og gefur að skilja. Þetta var gert til þess að fá fleiri fylgjendur og vekja áhuga og athygli á málefningu auk þess við vorum að reyna ná til markshóps sem alla jafna myndir ekki fylgja okkur. Til þess að vera með í leiknum þurfti aðeins að skrifa orðið „plastlaus“ í athugasemd við vinninginn. Ekki var farin sú leið að „læka og deila“ enda er það ekki leyfilegt samkvæmt skilmálum Facebook.

Ákveðið var að versla við nokkrar ólíka vistvænar verslanir og reyna að hafa íslenskar vörur í huga. Leikur var auglýstur og dregið út 6 dögum síðar. Daginn eftir útdrátt var næsti leikur auglýstur.

Hér má sjá vinningana sem voru.

## Vinningar


Vika 1, þema „Eldhús, geymsla matvæla“: Bývaxarkir, 3 saman í pakka og stálbox, 2ja hæða lekafrítt.

Vika 2, þema „Baðherbergi, sturtan“: Sjampóstykki, skrúbbhanski, Alepposápa.

Vika 3, þema „Eldhús, uppvask“: Uppþvottakubbur, lúffa skrúbbur, upppvottabursti, viskastykki.

Vika 4, þema „Baðherbergi, tannumhirða“: tannkremstöflur 50 gr, tannbursti x2, tannþráður, bambusplástur.





Á þessu grafi má sjá hversu margir skrifuðu ummæli við hverja færslu, en það er það sem þurfti til, til að vera með í útdrættinum. Einnig hversu margir sýndu einhver viðbrögð (þumall, hjarta, hissa, reiður, hlægjandi og sorgmæddur). Síðasta línan eru deilingarnar. Þær voru ekki margar, enda ekki skylt að deila til að vera með.

Af þessu má sjá að þátttakan minnkaði eftir því sem leið á mánuðinn. Það mætti spá hvort leikirnir hafi verið of ört, eða vikulega. Fyrstu leikirnir voru „boostaðir“ og greitt fyrir og gæti það útskýrt þetta að hluta. Einnig mætti spá að þreyta hafi verið komin í lesendur. Það mætti segja að eldhúsvikurnar hafi fengið meiri viðbrögð en baðherbergis vikurnar.

### Instagram

Instagram var töluvert notað. Bæði voru myndir Sigrúnar Hreins birtar nær daglega með því þema sem var í gildi hverju sinni; eldhús eða baðherbergi. Einnig birtum við fimm myndbandafærslur sem einnig rötuðu í „story“. Um var að ræða ávarp og hvatningu frá Umhverfis- og auðlindaráðherra og hvatningu frá einstaklingum sem eru þekktir fyrir að láta sig umhverfismál varða eins og Sævar Helgi Bragason, Gunnella með Hreinsum jörðina á Instagram, Snjólaugu frá sjálfbærnisetrinu Andrými og síðast en ekki síst Árný og Daði Freyr. Þetta fékk góðar undirtektir, sérstaklega efnið frá Árnýju og Daða sem má segja að hafi slegið í gegn! Seinni hluta mánaðar skiptust félagsmenn á að vera með plastlausu fræðslu í „story“ og fékk það mjög jákvæðar undirtektir hjá fylgjendum og áhorf var gott.

Eins og áður segir var ákveðið að fá myndböndin fyrirfram send og svo myndi samfélagsmiðlanefndin sjá um birtingar. Því miður gerði þetta það að verkum að þátttakan var mun dræmri en búist var við, bæði þótti fólki erfitt að taka þetta upp og senda sem og að sumir sendu efni sem var ekki birtingarhæft.

Fylgjendafjöldi í byrjun september: 1859 og fylgjendafjöldi í lok september: 1952.

## TikTok

Ákveðið var að stofna TikTok reikning. Eitthvað af myndböndum var sett þar inn sem þegar eru til. Athyglin og kunnáttan var ekki til staðar og því varð lítið úr þessu í þetta skiptið. Ef miðillinn heldur áfram vinsældum sínum verður hægt að skoða að reyna að gera betur að ári. Þá væri hægt að skoða það að gefa framhaldsskólanemum, t.d. umhverfisnefndum þar að taka „take-over“ og gera TikTok myndbönd sem höfða til þeirra eigin aldurshóps.

## SnapChat

SnapChat hefur lítið verið nýtt á þessu ári þar sem vinsældir forritsins fara dvínandi. Vikulega minntum við á okkur og voru fylgjendur hvattir til að fylgja Plastlausum september á Instagram og Facebook.

## Markaðsnefnd

Markaðsnefndin tók á markaðsmálum okkar sem og að semja slagorðið „Breytum til hins betra“, setning sem rataði m.a. inn í tilkynningu frá Umhverfisstofnun. Sigrún Hreins var fengin til að hanna útlit, nokkrar glærur og myndband. Útbúin var rammi með þessu slagorði sem og „logo“ Plastlaus september á Facebook, keyptar nokkrar birtingar á Vísi, sem og skilti sem birtust á strætóskýlum um alla Reykjavík og einnig á flettiskilti við hraðbraut. Var það mat nefndarinnar að birtingar á visi.is og strætóskýlum væru vel heppnuð. Tilfinning almennings virtist vera að nú væri Plastlaus september væri farinn af stað og væri „úti um allt“. Flettiskiltin báru minni árangur, eru við hraðbraut og fólk ekki endilega að ná skilaboðunum. Í samræmi við áherslu okkar á að miðla myndrænu og aðgengilegu efni á samfélagsmiðlum og heimasíðu voru keyptar auglýsingar bæði á samfélagsmiðlum og á Google Ads.

Þá voru teikningar og myndbönd eftir Sigrúnu Hreins birt daglega, í viku 1 og 3 var áherslan á eldhúsið og viku 2 og 4 á baðherbergið. Við teljum að okkur hafi tekist vel í ár að höfða til breiðs hóps með því að kaupa birtingar á ólíkum miðlum. Horft var til þess ná til ólíkra aldurshópa og bæði höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar.

## Opunarhátíðarnefnd

Opunarhátíðarnefnd átti að endurtaka leikinn frá í fyrra, fá samstarf við bæði sölu- og fræðslubása, vera í samstarfi við Umhverfisstofnun um að Umhverfis- og auðlindaráðherra afhenti viðurkenninguna Bláskelina aftur á opunarhátíðinni og byrja mánuðinn á því. Vegna annarar bylgju covid 19 á Íslandi varð að hætta við þessi plön.

Upphaflega var ákveðið að opunarhátíðin væri 4. september í Ráðhúsi Reykjavíkur. Búið var að tryggja salinn, verið var að vinna í að fá fræðslu- og sölubása. Þá ætlaði Umhverfisstofnun að afhenta Bláskelina þennan dag.



Umhverfisstofnun heldur utan um Bláskelina, viðurkenningu umhverfisráðherra fyrir framúrskarandi plastminnkandi lausnir. Úr var að verðlaunaafhendingin fór fram í Stúdíó Sýrlandi og sá Umhverfisstofnun um alla skipulagningu viðburðarins. Heiður Magný Herbertsdóttir formaður Plastlauss septembers flutti erindi þar og Sævar Þór Halldórsson var fulltrúi Plastlauss septembers í dómnefnd. Dómnefndin var einróma í ákvörðun sinni að veita plastlausu versluninni *Matarbúðin Nándin* Bláskelina í ár. Í úrslitahóp dómnefndar komust einnig Bio-plastic skin, Krónan og Plastplan.

Ákveðið var að hafa „heima pop-up“ viðburð þessa fyrstu helgi í september. Sendur var tölvupóstur á allar þær vistvænu verslanir sem vitað var um og boðið að vera með. Óskað var eftir að þessar verslanir væru með afslátt sem þau ákváðu sjálfar gegn því að fá „logoíð“ sitt á viðburð sem við bjuggum til og tengingu á heimasíðu okkar. Allar verslanirnar notuðu *plastlaus20* sem afsláttarkóða til einföldunar fyrir neytendur.

Á þessari síðu má sjá helstu afslætti: <https://plastlausseptember.is/plastlaustpopup/>. Fyrirtæki sem voru með: Anna Rósa grasalæknir, Austurlands Food Coop, Farvi, Fjölnota, Fill Ísland, Hrafnagull, Hraundís, Hrísla, Kímúra, Klaran.is, Káti Fíllinn, Lauuf, Matarbúðin Nándin, Mena, Mistur, Nordic Angan, ORG Reykjavík, Playroom.is, Reykjavík Tool Library, Skessusápur, Sóley Organics, Systrasamlagið, Tropic.is, Urð, Vegan búðin, Vistvera, Vistvæna búðin og Vonarstræti. Alls voru þetta 28 fyrirtæki.

Almennt séð var frekar erfitt að fá svör frá fyrirtækjum um hvort þau ætluðu að vera með, að fá sent „logoíð“ svo við gætum staðið við okkar hluta og fá svo upplýsingar um hvaða afslættir væru í boði svo við gætum sagt frá því. Viðburðurinn hófst á miðnætti og stóð í 48 stundir og vorum við fram til hádegis daginn eftir að laga og bæta þegar fyrirtækin tóku við sér og sendu inn fullnægjandi upplýsingar. Ekki er ljóst af hverju sum fyrirtækin sem kusu að vera með í viðburði sem að var skipulagður þeim að kostnaðarlausu drógu svona lengi að senda inn fullnægjandi upplýsingar.

Ef þetta verður endurtekið að ári, ekki endilega sem hluti af opunarviðburði, bara sem plastlaust pop-up til að hvetja fólk til að kaupa plastlausar vörur, þá mætti útbúa einhverskonar „umsókn“ í gegnum t.d. Google forms, þar sem ekki er hægt að vera með nema að fylla út ákveðna reiti og senda „logoíð“samhliða. Það ætti að spara vinnu og tölvupóstsendingar.



## Fræðslunefnd

Í ljósi takmarkanna heimsfaraldurs varð lítið úr að fara í skóla og fræða. Þó voru glærur uppfærðar, farið í örfáa skóla og ein félagasamtök. Þá voru glærur einnig sendar á þá kennara sem þess óskuðu. Þá var útbúið einskona dagatal með 30 hugmyndum um plastlausan lífstíl, það var einnig þýtt á ensku og pólsku. Nýttist það bæði sem fræðslu- og markaðsefni.

Vegna Covid19 varð lítið úr fræðslu. Beiðnir um slíkt var þó tekið fagnandi og sá Þórdís V. Þórhallsdóttir um fræðsluna, en hún er í framkvæmdarhóp Plastlauss september. Vegna ástandsins var sagt já við öllum beiðnum, einnig var fræðslan boðin á póstlista líffræðikennara landsins, boðið var að halda fyrirlestur, hvort sem var í kennslustofu eða í gegnum fjarfundarbúnað og einnig boðið að senda glærur.

Úr varð að haldnir voru 5 fyrirlestrar:

- Menntaskólinn við Sund, þar var helmingur nemenda í stofu og hinn helmingur á fjarfundi
- Borgarholtsskóli, þar voru nemendur í tveimur samliggjandi stofum og stóð kennari í miðjunni
- Breiðagerðisskóli, 6. bekkur, þar var þremur bekkjum komið fyrir í einni lítilli kennslustofu.
- Salaskóli, þar var heill árgangur 7. bekkjar í fyrirlestrarsal.
- Rótarýklúbbur Keflavíkur, fólk úr atvinnulífinu.

Vegna Covid19 voru miklar aðgangsstýringar í skólum, lítil eftirspurn eftir fyrirlesturum og spurning hvort við færum fræðsluna á annað form. Hægt væri t.d að útbúa „swipe“ fræðslupósta á Instagram, útbúa „10 leiðir fyrir börn í átt að plastleysi“ og senda á skólana. Almennt hentar september illa fyrir gestafyrirlesara þar sem álag er mikið og starfs hvers árs að mótast. Þá setti Covid19 jú strík í reikninginn þar sem auka álag því tengdu var í skólunum. Eins er erfitt að vera með fyrirlestra þar sem hluti nemenda er í fjarfundi.

Verið er að skoða hvort betur henti að Plastlaus september einbeiti sér áfram að því að útbúa og miðla aðgengilegu og myndrænu efni á samfélagsmiðlum og heimasíðu þannig að nemendur á öllum aldri geti leitað þar að áreiðanlegum upplýsingum þegar skólar eru að fjalla um umhverfismál, hvort sem það er í september er á einhverjum öðrum tíma.

## Viðburðir í Reykjanesbæ

Reykjanesbær styrkti okkur í ár auk þess að öflugir meðlimir í framkvæmdahópnum búa á Suðurnesjum.

Þar sem Ljósanótt féll niður í ár urðu viðburðir á vegum Plastlaus september ekki eins margir og gert hafði verið ráð fyrir og fjöldatakmörkanir voru á hvern viðburð. Á Bókasafni Reykjanesbæjar voru haldnir þrír viðburðir, til að gæta að



sóttvörnum var hámarks fjöldi á hvert námskeið 6 manns. Þann 10. september var kennsla í því að sauma fölnota taubindi úr endurnýttum efnum og mættu þrjár konur, þann 17. september var kennsla í því að búa til sína eigin bývaxdúka úr endurnýttum efnum og mættu sex manneskjur og tvær voru á biðlista og þann 19. september var haldinn skiptifatamarkaður. Öll námskeiðin voru gjaldfrjáls og allt efni á staðnum. Mikil ánægja var með alla viðburðina.

26. september var haldin bíósýning í gamla bíósalnum í Duus safnahúsi. Sýnd var myndin „Bag it“ og í boði var nýpoppað popp í ætum skálum. Vegna sóttvarna var hámarksfjöldi á sýninguna tuttugu manns, þrettán mættu. Þetta var áhugaverð kvikmyndasýning og vöktu ætu skálarnar mikla athygli.

Í byrjun september voru settir upp þrír glerskápar í verslunarmiðstöðinni Krossmóum þar sem til sýnis var allskyns plastlaus varningur sem vakti mjög mikla athygli. Var þetta gert til að vekja athygli á ýmsum venjulegum lausnum í fyrir heimili og barnauppleði. Plastlaus september keypti nokkra hluti til að hafa þarna til sýnis og nota einnig síðar ef svipuð tækifæri gefast, annar varningur var fenginn að láni frá þeim aðilum í framkvæmdarhópnum sem búa á Suðurnesjum.

Reykjanesbær styrkti átakið í ár og þar sem 25% bæjarbúa eru pólskumælandi var að fara í það þarfa verkefni að kaupa þýðingu á heimasíðu Plastlaus september yfir á pólsku.



### [Viðburðir á Akureyri](#)

Nokkrir viðburðir voru á Akureyri sem vöktu athygli. Í ljósi ástandsins var öllu varpað á netið á Facebook síðu Plastlauss september og varð um leið tækifæri til að fylgjast með um allt land.

Miðvikudaginn 9. september var haldinn fyrirlestur á Amtsbókasafninu sem bar nafnið: „Plastmengun í sjó: ekki er allt sem sýnist“. Fyrirlesari var Ásta Margrét Ásmundsdóttir, efnafræðingur og aðjúnkt við Háskólann á Akureyri. Fylgt var ítrustu sóttvörnum og fjöldatakmörkunum.

Miðvikudaginn 23. september stóð Amtsbókasafnið fyrir grímusaum, þar sem fólk gat komið og saumað sér sína eigin fjölnota grímu. Mæting var nokkuð góð eða tólf manns auk leiðbeinandans Audrey Matthews.

Þótti þetta vel heppnað og í takt við það sem var í gangi í þjóðfélaginu.

Mánudaginn 28. september stóð Plastlaus september á Akureyri í samstarfi við Umhverfisstofnun fyrir fræðslu á netinu í gegnum forritið Teams sem fékk nafnið „Umhverfisvarpið: Hvað er grænvottur?“. Birgitta Stefánsdóttir, sérfræðingur á sviði loftlagsmála og græns samfélags hjá Umhverfisstofnun flutti fyrirlesturinn og tók við spurningum í lokin. Var viðburðurinn stofnaður á Facebook og hlekkur á Teams þar í gegn.

## Birtingar og umfjallanir

Hér verður stiklað á þeim umfjöllunum og birtingum sem við urðum varar við. Ekki er hægt að útiloka að eitthvað hafi farið framhjá okkur þar sem átakið er orðið það vinsælt og margar verslanir og stofnanir nota september til að vekja athygli á vörum sínum eða plastlausum lífstíl.



Hjónin Eyrún Pétursdóttir og Snæbjörn Helgi Emilsson mættu vikulega í Samfélagið á Rás 1 og sögðu frá sínum lausnum og tilraunum í að færast til plastlausara lífs. Plastlaus september er komið á þann stað að flestir virðast þekkja það og margir skólar, fyrirtæki og stofnanir nota þetta til að hvetja sína nemendur, starfsfólk og fylgjendur til að færast til plastminna lífs og því fögnum við mjög.

### Fyrirtæki og stofnanir:

Háskólinn á Akureyri tekur þátt með viðburðum og hvatningu í mánuðinum.

<https://www.facebook.com/events/2731843267074853>

### Fréttumfjöllun

31. ágúst grein [Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir](#)

<https://www.visir.is/g/20202006316d/breytum-til-hins-betra>

31. ágúst Reykjanesbær

[https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/rnb/frettir/plastlaus-september?utm\\_source=fb&utm\\_medium=social&utm\\_campaign=plastlaus%20septemberReykjanesb%C3%A6r&fbclid=IwAR1-tBQgsIMRiR4bA77cCvYPaIOye3A0jnR-Y460sKmph9Wa1RILA7pxFY](https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/rnb/frettir/plastlaus-september?utm_source=fb&utm_medium=social&utm_campaign=plastlaus%20septemberReykjanesb%C3%A6r&fbclid=IwAR1-tBQgsIMRiR4bA77cCvYPaIOye3A0jnR-Y460sKmph9Wa1RILA7pxFY)


1.september Sævar Helgi fjallar um Plastlausan september í morgunútvarpinu.

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/morgunutvarpid/23822?ep=7grr0a>

1.september (mannlíf online) <https://www.man.is/frettir/innlent/vertu-med-i-atakinu-og-minnkadu-plastid-med-eifoldum-adferdum/>

1. sept. Umfjöllun um PS birtist á vef Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/frettir/plastlaus-i-september>

1. Sept. Hlekkur á heimasíðu Plastlauss septembers á forsiðu Umhverfisstofnunar



1. september. Reykjólahreppur fjallar um PS  
[http://www.reykholar.is/frettir/Plastlaus\\_september/](http://www.reykholar.is/frettir/Plastlaus_september/)
2. september Eyrún og Snæbjörn í vikulegu spjalli í samfélaginu.  
<https://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617/7h15fj>
2. september Þórdís í viðtali í morgunútvarpi Rásar 2.  
<https://www.ruv.is/utvarp/spila/morgunutvarpid/23822/7grr0b/thordis-v-thorhallsdottir-plastlaus-september>
2. september RÚV.is Umfjöllun um einnota plast  
[https://www.ruv.is/frett/2020/09/02/einnota-plast-a-utleid?fbclid=IwAR1O-4k0xLyHIXE6QW-ux\\_rnJEjjN3QOoK\\_6tr47tfs\\_eDXxdMfmFGt680](https://www.ruv.is/frett/2020/09/02/einnota-plast-a-utleid?fbclid=IwAR1O-4k0xLyHIXE6QW-ux_rnJEjjN3QOoK_6tr47tfs_eDXxdMfmFGt680)
2. september Hafnarfjarðarbær  
<https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/frettir/plastlaus-september-tokum-virkan-thatt>
2. september Leikskólinn Gimli  
<http://gimli.hjalli.is/Frettir/almennt/Plastlaus-september-2/>
3. september Trendnet kynning á Plastlausum september  
<http://trendnet.is/trendnytt/plastlaus-september/>
4. september Umfjöllun um PS Eyjar.net  
<http://eyjar.net/read/2020-09-04/plastlaus-september>
4. september Aðsend grein á Vísir.is  
[https://www.visir.is/g/20202007713d/plast-leysi-er-thad-eitt-hvad-?fbclid=IwAR3tWcGFwGptQDdwopmJfGVC\\_a0SuwIagaYXZl-7vBl3MvaeMaUg-iWWnqM](https://www.visir.is/g/20202007713d/plast-leysi-er-thad-eitt-hvad-?fbclid=IwAR3tWcGFwGptQDdwopmJfGVC_a0SuwIagaYXZl-7vBl3MvaeMaUg-iWWnqM)
5. september RÚV kvöldfréttir  
<https://www.ruv.is/frett/2020/09/05/notkun-einnota-plasts-eykst-vida-i-faraldrinum>
7. september Reykjavíkurborg hvetur til þátttöku í PS  
<https://reykjavik.is/frettir/minnkum-plastnotkun-og-drogum-ur-urgangi>
7. september FG tekur þátt í PS  
<https://www.fg.is/is/frettir/fg-plastlaus-i-september>

9.september Viðtal við Eyrúnu og Snæbjörn í Samfélaginu

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617/7hl5fo?fbclid=IwAR2bOELfomBhOZtoSiLdL6YLNBMjHZiu h4U -qo 9lI8vkoXNKSfpDSxGvw>

9. september mbl.is Afhending Bláskeljarinnar

[https://www.mbl.is/matur/frettir/2020/09/08/matarbudin\\_nandin\\_hlytur\\_blaskelina\\_2020/](https://www.mbl.is/matur/frettir/2020/09/08/matarbudin_nandin_hlytur_blaskelina_2020/)

9. september man.is Afhending á Bláskelinni

<https://www.man.is/frettir/innlent/matarbudin-nandin-hlytur-blaskelina-2020/>

9. september Afhending á Bláskelin Veitingageirinn

<https://www.veitingageirinn.is/matarbudin-nandin-hlytur-blaskelina-2020/>

9. september Afhending á Bláskel Nútíminn

<https://www.nutiminn.is/folk-frettir/matvorubudin-nandin-hlaut-vidurkenningu-fyrir-framurskarandi-plastlaus-lausun/>

12.september, Viðtal í Reykjavík Grapevine á ensku [https://grapevine.is/mag/2020/09/11/peeling-off-the-plastic-wrap-for-plastic-free-september/?fbclid=IwAR3tWcGFWGPtQDdwopmJfGVC\\_a0SuwIagaYXZl-7vBl3MvaeMaUg-iWWnqM](https://grapevine.is/mag/2020/09/11/peeling-off-the-plastic-wrap-for-plastic-free-september/?fbclid=IwAR3tWcGFWGPtQDdwopmJfGVC_a0SuwIagaYXZl-7vBl3MvaeMaUg-iWWnqM)

14. september - Leikskólinn Norðurberg tekur þátt í átaksmánuðinum

<http://www.nordurberg.leikskolinn.is/Frettir/almennt/Plastlaus-september-3/>

16. september Eyrún og Snæbjörn í Samfélaginu á RÚV, byrjar á 39 mín

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617?fbclid=IwAR2QQrTV5IsGB-9iZfx8D2f4zfQdEXLOFIRYX2o8LY2eVEN5PPH2BsmY-Co>

17. september -Plastlaus september í Krakkafréttum á RÚV

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/krakkafrettir/24081/8oI0la>

22. september - Feykir.is - unnið upp úr fréttatilkynningu frá okkur.

<https://www.feykir.is/is/frettir/plastlaus-september-2020-breytum-til-hins-betra>

22. september- Umhverfisstofnun tekur þátt í PS.

<https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2020/09/22/Umhverfisstofnun-tekur-thatt-i-Plastlausum-september/>

23.september Eyrún og Snæbjörn mæta í síðasta sinn í Samfélagið

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617/7hl5g2?fbclid=IwAR1bDwqUtPISiq9YGfFSiNJ4etWyC6mwjSzs7TQqJB6JCULsIWILATmR7gY>

23. september Viðtal við Heiði í Fréttablaðinu.

[https://www.frettabladid.is/lifid/vi-hofum-ahrif-sem-neytendur/?fbclid=IwAR32q9X-k3\\_ZQkkOq6-uRSK863CWQxZky0NRkv0leOzpNnHrJGdhW9hW51k](https://www.frettabladid.is/lifid/vi-hofum-ahrif-sem-neytendur/?fbclid=IwAR32q9X-k3_ZQkkOq6-uRSK863CWQxZky0NRkv0leOzpNnHrJGdhW9hW51k)

30. september Umfjöllun um málþingið Frá upphafi til enda á visir.is

<https://www.visir.is/g/20202017983d/heimurinn-er-ad-breytast-neytendur-vilja-val-um-annad-en-plast>

30. september. Viðtal við framsögumenn á málþinginu í Samfélaginu á Rás 1.

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617/7hl5g7>

8. október Bændablaðið Bláskelin bls 14 og málþingið á síðu 30

<https://www.bbl.is/media/1/bbl19.tbl.2020web.pdf>




## Dæmi um merkingar á samfélagsmiðlum

- RMK heildverslun, minna á umhverfisvænar umbúðir
- Heimkaup, minna á umhverfisvænar vörur
- Mena.is & sambúðin, minna á sínar vörur
- Landvernd, minnir á plastleysi
- Bónus, notar mánuðinn til að sýna umhverfisvænni og plastminni umbúðir hjá sér
- Heilsuhúsið, umbúðalaus barinn
- Hrímm, leikur með verðlaunum úr endurunnu plasti

## Lokaorð

Við í Plastlausum september teljum að átakið hafi heppnast vel í ár og erum þakklát og ánægð með þær góðu viðtökur sem átakið fékk í ár sem endranær. Það er stöðug áskorun að ná til almennings þar sem margir vilja ná eyrum þeirra og koma sínum málstað á framfæri. Við teljum að jákvæð og lausnamiðuð nálgun hjálpi mikið við það verkefni og einnig teljum við að áhersla á myndrænt og auðskiljanlegt efni hafi skilað sér. Við erum spennt að nýta betur á næsta ári möguleikana sem felast í því að vera komin með heimasíðuna á ensku og pólsku og munum án vafa einbeita okkur að því að ná til fleiri íbúa landsins. Við erum líka sannfærð um að átakið hjálpi stofnunum og fyrirtækjum að stíga skref í átt að minni plastnotkun eins og fjölmargar auglýsingar í september báru með sér. Okkur í Plastlausum september langar að þakka styrktaraðilum árið 2020, án þessara styrkja hefði róðurinn til að gera átakið sýnilegt orðið töluvert þyngrri. Einnig viljum við þakka öllum þeim sem tóku þátt í áttakinu með okkur með beinum eða óbeinum hætti. Betur má gera ef duga skal og er það von okkar Plastlaus september sé komin til að vera í nánustu framtíð. Það er okkar að von að Plastlaus september stuðli að minni neyslu og vekji fólk til umhugsunar að velja sem oftast umhverfisvæna kosti. Saman breytum við til hins betra.



## Fjárhagsyfirlit

Yfirlit 2020		
<b>Tekjur</b>		<b>ógreitt</b>
Ráðuneytið	3000000	1000000
Rvk borg	250000	
Reykjanesbær	250000	
Hafnarfjörður	150000	
Sorpa	150000	
staða reiknings 25.05.2020	668472	
Inneign á gamla Visakortinu	41095	
<b>Samtals</b>	<b>4509567</b>	
<b>Útgjöld</b>		
Gjafaleikur	55,806	
Vefsíða og forrit	261,805	
Kynningarefnisgerð	978,460	
Auglýsingar	2,350,191	
Fræðsla og þýðing	384,409	
Þóknun skýrslugerð	100,000	
Áætluð útgjöld í desember	232,840	
<b>Samtals</b>	<b>4,363,511</b>	
<b>Áætluð útgjöld desember 2020</b>		
Gamlárs- og nýárskveðjur á RÚV	112,840	
Jóla ljósmyndir	100,000	
Facebook boost	20,000	
<b>Samtals</b>	<b>232,840</b>	